

Nr. 9
28. maí.

Konungsúrskurður

um

uppburð laga og mikilvægra stjórnarráðstafana fyrir konungi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands og 1. gr. stjórnarskipunarlags 19. júní 1915 um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. október 1903, höfum Vjer allramildilegast úrskurðað þannig :

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ríkisráðið skipa allir ráðherrarnir og á ríkisarfí sæti í því. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 28. maí 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Jón Magnússon.